

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2018****2019/EES/98/03****frá 9. febrúar 2018****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1365 frá 9. ágúst 2016 um breytingu á ákvörðun 98/536/EB að því er varðar skrána yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Breytingar á 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/536/EB) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn eru sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32016 D 1365:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1365 frá 9. ágúst 2016 (Stjtið. ESB L 216, 11.8.2016, bls. 12).“

2. Í stað aðlögunartextans kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi verður bætt við töfluna í viðaukanum:

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknastofur	Flokkar efnaleifa
Ísland	Livsmedelsverket Box 622 S-751 26 Uppsala	Allir flokkar nema B3c
	Matis Vinlandsleid 12 IS-110 Reykjavík	B3c
Noregur	Sjávarfang: The National Institute of Nutrition and Seafood Research Box 2029 Nordnes N-5817 Bergen	B1, B2a, B2b, B2e, B2f (karbadox, ólakvíndox), B3c, B3e

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 216, 11.8.2016, bls. 12.

	Landdýr: Fera Science Ltd Sand Hutton YO41 1 LZ, York UK	A1, A2, A3, A4, A5, B1, B2a, B2b, B2d, B2f, B3c, B3d
--	--	--

“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1365, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.